



Lífeyrissjóður bænda
Bændahöllinni við Hagatorg
107 REYKJAVÍK
Kt. 670172-0589

Sími 563 0300
Fax 561 9100

Nefndasvið Alþingis,
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 133/173
komudagur. 21.11.2006

Reykjavík, 20. nóvember 2006

Efni: 233. mál, Frumvarp til laga um breyting á lagaákvæðum um lífeyrissjóði.

Vísað er til bréfs, dags. 9. nóvember 2006, þar sem óskað er umsagnar Lífeyrissjóðs bænda um framangreint frumvarp.

V. kafli frumvarpsins snertir Lífeyrissjóð bænda og er í samræmi við 1. gr. frumvarpsins. Lífeyrissjóður bænda gerir ekki efnislega athugasemd við hækkun mótframlags í sjóðinn úr 6% í 8% þar sem það er ekki síður nauðsynlegt fyrir bændur en sjóðfélaga annarra lífeyrissjóða að fá aukin lífeyrisréttindi í lífeyrissjóði. Lífeyrissjóður bænda tekur upp aldurstengd réttindi 1. janúar 2007 og mun þessi hækkun því leiða beint til aukinna réttinda fyrir sjóðfélaga.

Við samningu frumvarpsins hefur verið stuðst við lög nr. 12/1999 eins og þau voru áður en þeim var breytt með lögum nr. 78/2006 í júní sl. Orðalag 13. og 14. gr. frumvarpsins er því ekki í samræmi löggin eins og þau eru nú. Því er lagt til að greinarnar orðist sem hér segir:

13. gr.


Í stað hlutfallstölunnar „6%“ í 2. máls. 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: 8%.

14. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „10%“ og hlutfallstölunnar „6%“ í 3. mgr. 4. gr. laganna kemur: 12%; og: 8%.

Stjórn Lífeyrissjóðs bænda þykir rétt að vekja athygli nefndarinnar á því að upphæð mótframlags í Lífeyrissjóð bænda skv. frumvarpi til fjárlaga 2007 er líklega ekki nægilega há til að samsvara 8% mótframlagi á móti iðgjaldi bænda í sjóðinn á árinu 2007.

Virðingarfyllst,
Lífeyrissjóður bænda


Sigurbjörg Þórsdóttir
frumvarpstjóri

Meðfylgjandi : Lög nr. 12/1999 um Lífeyrissjóð bænda með síðari breytingum.